

Við skógareigendur

2. tbl. • 8. árg. • Desember 2014



Meðal efnis í blaðinu:

Grænni skógar • Pistill framkvæmdastjóra • Um gæðapróf á skógarplöntum
Vangaveltur um haustgróðursetningu • Viðtal við Eddu Björnsdóttur • Skógarsaga úr
Skagafirði • Skógargull, afurðir skóga aðrar en timbur • Mjór er mikils vísir • Grisjun á
Norðurlandi vegna afhendingar til Elkem á Grundartanga • Fræðslu- og skoðunarferð
framkvæmdastjóra um Svíþjóð í september 2014 • Aðalfundur LSE 29. – 30. ágúst 2014
Ráðstefna Kraftmeiri skóga

Grænni skógar I á Suður- og Vesturlandi Björgvin Eggertsson, LbhÍ

Frá árinu 2011 til 2014 var starfandi námskeiðaröð Grænni skóga I á Suður- og Vesturlandi. Var þetta önnur sameiginlega námskeiðaröðin sem var kennd í þessum landshlutum. Námskeiðin voru haldin til skiptis í starfsstöðum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og á Reykjum. Fyrirkomulagið þótti takast ágætlega og kynntust nemendur fyrir vikið fleiri stöðum og komu í fleiri skóglendi. Eins voru skógræktendur í þessum tveimur landshlutum að kynnast og deila með sér reynslu af þessum tveimur svæðum. Haldin voru 16 námskeið á þeim þremur árum sem námskeiðaröðin var í kennd. Á vorönn 2014 voru þrjú námskeið. Þar var fyrst farið yfir hvernig eigi að skrifa lokaverkefni og farið í Verndun fornminja og náttúru í skógrækt. Næst síðasta námskeiðið var mikið verklægt og fór það að mestu fram í skóginum á starfsstöð LbhÍ á Reykjum, en námskeiðið heitir Skógarhöggstækni. Á síðasta námskeiðinu kynntu nemendur lokaverkefnið sín fyrir kennurum og samnemendum sínum. Verkefnið voru fjölbreytt og metnaðarfull. Suðurlandsskógar og Vesturlandsskógar færðu nemendum birki



Útskriftarhópur Grænni skóga I á Suður- og Vesturlandi.

í útskriftargjöf. Landbúnaðarháskólinn veitti hjónunum Jóhanni og Margréti viðurkenningu fyrir lokaverkefnið sem þau skrifuðu.

Grænni skógar II á Norðurlandi Björgvin Eggertsson, LbhÍ

Haustið 2013 kláraðist námskeiðaröð á Norðurlandi. Námskeiðaröðin tókst vel og voru námskeiðin mest haldin í Skagafirði og Eyjafirði. Þó voru haldin námskeið aðeins austar, eða á Vöglum í Fnjóskadal og Narfastöðum í Reykjadal. Með því að breyta reglulega til með námskeiðsstaði, kynntust nemendur fleiri skógræktarsvæðum í landshlutanum og sáu jafnvel ræktun samnemenda sinna á leið til og frá námskeiðunum. Lokanámskeiðið fór fram á Narfastöðum þar sem Brynhildur Bjarnadóttir fjallaði um kolefnisbindingu. Mál efni sem skógar eigendur hafa mikið verið að velta fyrir sér. Í lok námskeiðsins fengu nemendur útskriftarskýrteini til staðfestingar því að hafa lokið námskeiðaröð Grænni skóga II á Norðurlandi frá Landbúnaðarháskóla Íslands.



Útskriftarhópurinn ásamt Björgvin verkefnisstjóra.

Grænni skógar I á Austurlandi Björgvin Eggertsson, LbhÍ

Í byrjun maí lauk þriggja ára námskeiðaröð á Egilsstöðum. Frá árinu 2011 til 2014 var starfandi námskeiðaröð Grænni skóga I á Austurlandi. Var þetta önnur námskeiðaröð Grænni skóga I sem haldin hefur verið í þessum landshluta. Áður hefur verið haldinn ein námskeiðaröð Grænni skóga II. Námskeiðin að þessu sinni voru flest haldin á Egilsstöðum og á Hallormsstað. Samtals voru haldin 16 námskeið á þeim þremur árum sem námskeiðaröðin varði. Á vorönn 2014 voru haldin síðustu þrjú námskeiðin, Verndun fornminja og náttúru í skógrækt, sem brósuglega gekk að halda sökum ófærðar. Skógarhöggstækni í byrjun mars á Hallormsstað þar sem fjölmörg tré voru felld af nemendum. Síðasta námskeiðið var svo kynning nemenda á lokaverkefnum sem þeir höfðu skrifað vorið 2014. Verkefnið voru vönduð og vel skrifuð af nemendum. Kynningar nemenda á verkefnunum var þeim til mikils sóma og var áhugi samnemenda þeirra á verkefnunum mikill. Flestir skrifuðu um ræktun á sínum jörðum, en einnig var skrifað um trjátegundir ofl. Í lok námskeiðsins fengu allir nemendur berjarunna frá Héraðs-



Á myndinni er hluti þeirra nemenda sem útskrifaðist ásamt Björgvin Eggertssyni verkefnisstjóra Grænni skóga hjá LbhÍ.

og Austurlandsskógum. Landbúnaðarháskólinn veitti viðurkenningu fyrir bestu ritgerðina og var það Bjarki Sigurðsson sem fékk bókaverðlaun fyrir sína ritgerð.

Ritstjóraspjall

Ágætu skógareigendur og aðrir lesendur
Nú fáid þið í hendur nýtt eintak af blaði skógareigenda, að loknu sumri þar sem skilyrði til skógræktar voru með því besta sem gerist, hvorki vorfrost né snemmbúin hausthret og nægur raki og hiti um allt land. Í þessu blaði höfum við lagt nokkra áherslu á greinar og myndir af nýtingu á því sem skógarnir gefa af sér sem fer vaxandi með hverju ári. Þegar markaður skapaðist fyrir grisjunarvið í kísilverksmiðju Elkem á Grundartanga á verði sem borgar bæði grisjun og flutning jók það mönnum bjartsýni og vissu um vaxandi arðsemi skóganna. En með hugkvæmni má líka nýta grisjunarviðinn til annars og við erum með dæmi um slík verkefni í blaðinu. Þá er sagt frá ferð framkvæmdastjóra landshlutaverkefnanna til Norður-Svíþjóðar. Þar kynntu þeir sér fremur lítil fyrirtæki sem vinna úr afurðum skóganna. Þar teljum við ýmislegt vera sem gæti komið til álita að setja á fót á Íslandi með tíð og tíma. Síðan eru það aðrar nýttar sem hægt er að hafa af skóginum og þar er fólk líka að þreifa fyrir sér með ýmislegt.



Skógfræðingar leggja okkur líka til efni og segja frá rannsóknum sem skipta máli um það hvernig staðið er að skógræktinni til að góður árangur náist. Og við flytjum fréttir af menntun skógarbænda og aðalfundi LSE og ekki síst er viðtal við Eddu Björnsdóttur sem var sæmd heiðursmerki LSE fyrir störf sín.

Það ber að þakka hve allir sem við í ritstjórninni höfum leitað til með efni í blaðið hafa tekið okkur vel og verið viljugir að skrifa og senda okkur greinar. Hins vegar er það veruleg fyrirhöfn að safna auglýsingum til að kosta útgáfuna, þó við höfum allar klær úti. Við höfum því vel fyrir okkur hvort rétt sé að breyta útgáfuformi og láta nægja að gefa blaðið út á heimasíðu LSE? Hvort sem það verður ákveðið af félagsmönnum eða ekki, teljum við að blaðið eigi að vera aðgengilegt á heimasíðunni líka.

Þegar þið fáid blaðið er orðið stutt til jóla og eflaust margir farnir að skima eftir fallettu jólatré í skóginum sínum til að færa heim í stofu. Við óskum ykkur gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

Anna Guðmundsdóttir, Reykhúsum, Eyjafjarðarsveit

Stjórn LSE 2014-2015

Aðalmenn: Formaður Jóhann Gísli Jóhannsson, Anna Ragnarsdóttir varaformaður, Hraundís Guðmundsdóttir gjaldkeri, Sighvatur Jón Þórarinnsson ritari og María E. Ingvadóttir meðstjórnandi.

Til vara: Sigríður Hjartar, Bergþóra Jónsdóttir og Arnþór Ólafsson.



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

Landsamtök skógareigenda - Austurvegi 3-5 - 800 Selfoss
Sími 480-1826 - GSM 899-9662
hronn.lse@gmail.com – www.skogarbondi.is

Útgefandi: LSE (Landssamtök skógareigenda)
Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.

Upplag: 1500

Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Anna Guðmundsdóttir

Ritnefnd: Anna Guðmundsdóttir, Lára Ellingsen, Sigrún Grímsdóttir, Björgvín Eggertsson og Hrönn Guðmundsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu af nornavendi á stafafuru: Anna Guðmundsdóttir.
Myndir með greinum eru eftir höfunda nema annað sé tekið fram.



Ritstjórn „Við skógareigendur“
sendir öllu skógræktarfólki
jólakveðjur og óskir um
farsælt komandi ár.

Pistill framkvæmdastjóra

Í pistli frá formanni LSE í síðasta blaði „Við skógareigendur“ kom fram að landssamtökin leggi mikla áherslu á afurðarmál skógarbænda og hefðu hug á að vinna með aðildarfélagunum við undirbúning og stofnun afurðarstöðva í hverjum landshluta.

Félag skógarbænda á Austurlandi vinnur nú að úrvinnslu skógarafurða í samstarfi við fleiri aðila. Gengið hefur verið frá samstarfssamningi á milli Félags skógarbænda á Austurlandi, Landssamtaka skógareigenda, Héraðs- og Austurlandsskóga, Skógræktar ríkisins, Austurbrúar, Fljótaldalshéraðs, Skógræktarfélags Austurlands og Fljótaldalshrepps um afurðamiðstöð viðarafurða á Austurlandi.

FsA og LSE gerðu samning við Austurbrú um vinnu við aðstoð vegna undirbúnings við verkefnið og við að leita styrkja, ganga frá umsóknum, samningagerð og fl. FsA hefur m.a. fengið tvívegis styrki frá Vaxtarsamningi Austurlands auk þess sem LSE og aðrir samstarfsaðilar styrkja verkefnið bæði fjárhagslega og með vinnuframlagi og aðstöðu.

Fyrsta skrefið var að rannsaka hve mikið magn viðar fellur til við grisjun í náinni framtíð. Benjamín Davíðsson skógfræðingur var ráðinn í eins mánaðar vinnu til þess að vinna viðarmagnsúttekt og honum til aðstoðar er Lárus Heiðarsson skógfræðingur frá SR. Leitað hefur verið upplýsinga hjá Héraðs- og Austurlandsskógum um magn gróðursettra trjáa og stærð reita auk þess sem sótt er í upplýsingar úr skógarúttekt rannsóknarstöðvar SR á Mógilsá. Stefnt er að því að gerð viðarmagnsúttektarinnar verði lokið í byrjun desember.

Samhliða þessu verður gerð greining á markaði, markhópum, kostnaði, vörum, tækjaþörf og fl. Vegna þeirrar vinnu hefur verið samið við Höllu Herbertsdóttur, sem er viðskiptafræðingur og með gráðu í alþjóðlegum markaðsfræðum og meistaraþróf í náttúrulegri ferðaþjónustu. Sú vinna sem keypt er af Austurbrú kemur til með að nýtast öðrum aðildarfélagum ef þau hafa hug á að fara í þessa vinnu í sínum landshlutum. Einnig eru bundnar vonir við að hægt verði að yfirfæra það vinnuþátt sem til verður fyrir austan á önnur svæði og aðildarfélagin geti nýtt sér þá forvinnu sem unnin hefur verið þar.

Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri LSE

Um gæðapróf á skógarplöntum

Rakel J. Jónsdóttir skógfræðingur

Ein af forsendum þess að nýgróðursetning heppnist vel er að skógarplönturnar sem gróðursettar eru séu heilbrigðar. Eini öruggi vatnsforðinn sem planta hefur með sér á nýja vaxtarstaðinn er í rótárhnausnum svo það er lífsnauðsynlegt fyrir plöntuna að rætur hennar nái að vaxa fljótt og vel út í jarðveginn svo hún nái upp vatni og næringarefnum. Rótarkali í skógarplöntum sem geymdar eru úti yfir vetrartímann er þekkt vandamál á norðurhveli jarðar. Rætur hafa mun minna frostþol en yfirvöxtur og því hætta á að þær hafi skemmt ef langvarandi og mikil frost hefur gert yfir vetrartímann. Sérstaklega er plöntum hætt við rótarkali ef þær eru geymdar úti yfir veturinn og engin einangrandi snjóþekja yfir bökkunum þegar frostakafinn gengur yfir. Kalið verður til þess að rótarkerfi plöntunnar er meira og minna lamað. Oft ná brum plantna að springa út þó rótarkali sé staðreynd en þegar líður á vorið og meiri vatnsflutninga er þörf til nývaxtarins annar rótin ekki eftirspurn og plantan deyr eða verulega er dregið af henni. Erfitt er að greina þennan skaða sjónrænt, sérstaklega þar sem nývöxtur getur litið eðlilega út snemma á vorin þrátt fyrir rótarkali. Það er því mikið unnið að hafa yfir að ráða búnaði til þess að greina rótarkali og aðrar skemmdir í skógarplöntum áður en þær eru afhentar til skógarbænda.



Mynd 1. Skógarplöntur á leið til afhendingar (Mynd RJJ)

Vorið 2007 festi Skógrækt ríkisins kaup á svokölluðu RGC-borði (Root Growth Capacity) í þeim tilgangi að kanna rótarheilbrigði skógarplantna fyrir afhendingu. Um er að ræða ræktunarborð sem hefur verið notað víða um heim í tugi ára í þessum tilgangi. Í kjallaranum í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri sem hýsir Norðurlands-skóga og Skógrækt ríkisins fara fram gæðaprófanir á skógarplöntum á vorin. Síðastliðið vor hófust prófanir á plöntuhollum í febrúar og stóðu þar til í byrjun maí. Aðeins komast sex plöntuholl í borðið til prófana í einu og því voru 18 plöntuholl prófuð á tímabilinu. Gæðaprófin eru byggð upp á nokkrum þáttum. Saman mynda þessir þættir svo niðurstöðu fyrir plöntuhollið sem er undir smásjá. Bæði kaupandi og seljandi fá sendar til sín niðurstöður ásamt myndum.



Mynd 2. RGC-ræktunarborðið með prufuplöntum. (Mynd Bergsveinn Þórsson)

1. Mat á rótarvexti. Í RGC-borðinu eru skógarplöntur ræktaðar í 3 vikur við bestu aðstæður, 20 plöntur fyrir hvert plöntuholl. Það heldur um 20°C hita á rótum plantnanna en lofthita er haldið í um 20-22°C. Lýsing er höfð á plöntunum 16 tíma á dag. Eftir þriggja vikna ræktun er plöntum lyft varlega upp úr ræktunarborðinu, ræktunarmold losuð frá rótárhnausum og allar rætur lengri en 1 sm taldar. Hver planta fær svo einkunn eftir því hve rótárvöxtur hefur verið mikill.



Mynd 3. Stafafura með frábæran rótárvöxt eftir 3 vikna ræktun. (Mynd RJJ)

2. Mat á yfirvexti. Á þessu þriggja vikna ræktunartímabili lifnar yfirvöxtur plöntunnar líka og hægt er að meta heilbrigði hans. Þá er haft í huga hvort brumin springi eðlilega út og yfirvöxtur sé sjúkdómalaus. Ef í ljós kemur kal eða þurrkur í barri, er lengd skemmda mæld til þess að geta sýnt fram á hvort það er í óverulegum mæli eða eitthvað sem ber að hafa áhyggjur af.



Mynd 4. Övenjulegt árferði gerir skógarplöntuframleiðendum stundum erfitt fyrir. Myndin sýnir kal í rússalerki sem var búið að vera í framhaldsræktun í 3 vikur og aðeins hluti plantna hafði lifnað. Plöntuhollið reyndist vera ónýtt. (Mynd RJJ)

3. Framhaldsræktun. Stærri úrtak (40-80 plöntur) af sama holti og sett er í RGC-borðið eru ræktaðar í bökkum í 5-6 vikur í sama rými og RGC-borðið stendur. Ef yfirvöxtur þeirra plantna sýnir sömu einkenni og yfirvöxtur plantna í RGC-borði styðja þau próf hvort annað.



Serralux



Multi Span

Samtengd hús. Frábær gæði.



Oranjerie

Glerhús upp að vegg.



Elegant

Plasthús tilvalið fyrir áhugamanninn.



Stærri hús

Plasthús fyrir framleiðsluna.



VELAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 · 800 Selfoss Lónsbakki · 601 Akureyri 700 · Egilsstaðir
Sími 480 0400 jottunn@jottunn.is www.jottunn.is

4. Byggingarfræðilegir þættir. Sú krafa er gerð í útboðum til skógarplöntuframleiðenda að plönturnar séu ræktaðar samkvæmt fyrirfram ákveðnum stöðlum þ.e. þær nái ákveðnu þvermáli við rótarháls og að hæð þeirra sé í samræmi við það þvermál við afhendingu. Þessir byggingarfræðilegu þættir eru mældir með skíðmáli og tommustokk til þess að kanna hvort vaxtarhlutföll í plöntunum séu samkvæmt stöðlum í útboðinu.

Í Noregi og Svíþjóð eru gæðaprófin ítarlegri. Sömu aðferðir eru notaðar við prófanirnar og taldar eru upp hér að framan en þar er einnig gerð krafa um að fyrir liggi hlutfall köfnunarefnis í plöntunum. Tilgangurinn með slíku prófi er að sýna fram á að plöntur séu í góðu næringarástandi við afhendingu því tilraunir hafa sýnt að plöntur með góðan forða af köfnunarefni vaxa meira á fyrsta ári og standa sig því betur í samkeppni við annan gróður en þær plöntur sem hafa lágt hlutfall köfnunarefnis. Í Noregi eru einnig gerðar frostpolsmælingar að hausti á plöntuhollunum sem fara í prófanir vorið eftir. Lykilforsenda þess að plöntur séu tilbúnar í vetrargeymslu er að þær séu komnar með gott frostþol þegar þær eru settar inn á frysta til geymslu yfir vetrartímann. Ef gott frostþol er ekki til staðar er meiri hættu á skemmdum en ella. Sé litið til aðferða Svía og Norðmanna er ljóst að hægt er að þróa gæðaprófin hérlandis enn frekar en það hefði þá í för með sér meiri kostnað og umsvif í starfsmannahaldi.

„Skógrækt er mannrækt“

Heimavöllur ehf.
Hvammi Eyjafjarðarsveit

Húnaþókhald

Húnavatnshreppur

SAH-afurðir

Skjólaskógar Vestfjörðum

Skógarbýlið Innra-Leiti

Stéttarfélagið Samstaða

Áhugaverðir tenglar

Landssamtök skógareigenda: www.skogarbondi.is

Landbúnaðarháskóli Íslands: www.lbhi.is

Skógrækt ríkisins: www.skogur.is

Lantbrukarnas ríksforbund: www.lrf.se
(sænsku bændasamtökin)

Dansk skovforening: www.danskskovforening.dk
(dönsk skógarsamtök)

Skovdyrkerne: www.skovdyrkerne.dk
(samtök danskra skógarbænda)

Vangaveltur um haustgróðursetningu

Úlfur Óskarsson, lektor við LbhÍ

Eftirfarandi greinarkorn birtist haustið 2009 á heimasiðu Skógræktar ríkisins. Efni þess á enn brýnt erindi við allt skógræktarfólk og er endurbirt hér nánast óbreytt.

Árið 2008 birtist grein í ritinu Forest Nursery Notes sem nefnist **Hot-planting Opens New Outplanting Windows at High Elevations and Latitudes**. Þar er fjallað m.a. um þann möguleika að gróðursetja skógarplöntur í ágúst og september, sama sumar og þær eru framleiddar. Í greininni kemur fram að kostirnir við gróðursetningu síðsumars og á haustin eru þeir að þá er jarðvegur tiltölulega hlýr og oft rakur. Rætur plantnanna getu því vaxið út í jarðveginn strax eftir gróðursetningu við þær aðstæður. Við þetta sparast einnig vetrargeymsla plantnanna. Þessi gróðursetningartími er hins vegar lítið nýttur, hvorki hér né erlendis, og virðist ákveðin hefð ráða því hvenær plöntur eru gróðursettar.

Víða á vetrarmildum norðlægum svæðum, svo sem í vestanverðri N-Ameríku og Evrópu er það veturinn sem er aðal gróðursetningar-

eða ílátum að vetri og gróðursettar fljótlega eða geymdar í fáeina mánuði í gróðrarstöðvum eða kæligeymslum. Allir eru vanir þessu kerfi og allt vinnuferlið miðast við það. Á vetrarmildum svæðum hérlandis gæti vetrargróðursetning komið til greina, en sá möguleiki verður ekki ræddur frekar hér.

Á vetrarköldum svæðum, svo sem í Skandinavíu er hins vegar hefð fyrir því að gróðursetja fyrri part sumars, jafnvel fram yfir mitt sumar. Þessi tími er einnig nýttur hér á landi eins og allir þekkja. Þetta fyrirkomulag kallar á langa vetrargeymslu plantna, sem hefur það að markmiði að varðveita þrótt þeirra, verja þær gegn ofþornun og varna rótunum frostskeimmdum. Stundum tekst þetta ekki nægilega vel og plöntur skemmast eða missa þróttinn. En oft sleppa plöntur vel frá vetrinum. Jarðvegur er frekar svalur fyrri part sumars, þótt sólgeislun sé mikil. Og vorin og sumrin geta verið þurr hérlandis. Við gróðursetningu eru plöntur jafnframt yfirleitt teknar að mynda ný laufblöð, sprota og rætur og eru viðkvæmar fyrir óhagstæðum ytri skilyrðum. Jarðvegskuldi, þurrkur og mikil sólgeislun geta því reynst plöntunum erfið og stuðlað að miklum afföllum eða hægum vexti. Vinnuframboð er hins vegar nægt á sumrin til gróðursetninga, einkum vegna frítíma fólks frá fastri vinnu og skólagöngu. Sumrin eru líka þægileg til útivinnu vegna hlýnda og langs birtutíma. Þess vegna kjósa flestir að gróðursetja skógarplöntur á sumrin, jafnvel þótt annar tími geti hentað plöntunum jafn vel eða betur.

En hvað með að ala upp og gróðursetja skógarplöntur á sama sumri, eins og höfundar fyrrnefndar greinar eru að velta fyrir sér? Þetta er svolítið stundað hérlandis samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum skógræktarverkefnanna, sem afað var haustið 2009. Hjá Vesturlandsskógum voru þá 17% nýrra plantna gróðursettar að hausti, en annars staðar var þetta hlutfall lægra og sumstaðar ekkert. Hjá Norðurlandsskógum voru reyndar 43% plantnanna gróðursettar haustið 2007 og 30% 2008, en það voru aðallega plöntur úr seinni sáningu frá árinu á undan. Þetta sýnir að haustgróðursetningar eru raunverulegur valkostur.

Forsendur þess að ágúst og september nýtist til gróðursetningar eru að plönturnar séu tilbúnar í tæka tíð, landeigendur og gróðursetjarar séu tilbúnir að taka á móti þeim og vilji sé til staðar hjá skipuleggjendum og stjórnendum. Til að gera plöntur klárar síðsumars, þarf að stöðva vöxt flestra tegunda og herða þær tímanlega með myrkvun. Þá eykst frost- og þurrkþol þeirra og þær þola frekar flutning og meðhöndlun. Ómyrkvaðar plöntur geta hins vegar skemmst eða drepist í næturfrosum. Margir plöntuframleiðendur hérlandis hafa reynslu af því að myrkva plöntur og flýta fyrir herðingu þeirra. Aðstaða til þess er víða fyrir hendi, þannig að hvorki aðstaða né reynsla ætti að vera mikil fyrirstaða. Plöntur gróðursettar síðsumars ættu að hafa jafna möguleika á að ná rótfestu og þær sem gróðursettar eru fyrr á sumrin. Á öllum árstímum ætti að forðast að setja plöntur í jarðunnar rásir og flög vegna hættu á frostlyftingu, en setja plöntur á rótfasta staði í jaðri þeirra. Þetta er nefnt vegna þess að oft er frostlyfting talinn helsti ókosturinn við haustgróðursetningu.



Birki.

tíminn. Skógarplöntur eru þá í dvala eða nýlega vaknaðar af honum, jarðvegur er rakur og sólgeislun það lítil að nýgróðursettar plöntur ráða við álagið. Á þessum svæðum eru plönturnar teknar úr beði



Drekinn.

Í títtnefndri grein segir að ónógur tími og mannaflí takmarki afköst við gróðursetningar síðsumars og á haustin og þess vegna dreifist gróðursetning óhjákvæmilega einnig á aðra árstíma. Í ljósi vandamála sem hafa komið upp við vetrargeymslu hérlandis ættu menn að huga betur en gert hefur verið að mögulegri gróðursetningu skógarplanta strax eftir að uppeldi þeirra lýkur. Um sunnanvert landið og víðar er jafnframt það vetrarmilt að vetrargróðursetning gæti komið til greina. Það er verkefni skipuleggjenda skógræktar að byggja upp kerfi sem gerir þetta kleyft. Þannig mætti bæta árangur gróðursetninga og draga úr kostnaði.

Heimild: Thomas D. Landis, Diane Haase, Don Willis, Douglass F. Jacobs 2008. Hot-planting Opens New Outplanting Windows at High Elevations and Latitudes. Forest Nursery Notes, Winter 2008:19-23.
<http://www.rngr.net/Publications/fnn/2008-winter-forest-nursery-notes/2008-forest-nursery-notes-publication-by-article/hot-planting-opens-new-outplanting-windows-at-high-elevations-and-latitudes/view>



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR



NORÐURLANDSSKÓGAR



SUÐURLANDSSKÓGAR




Vesturlandsskógar



Akralind 4 201 Kópavogi sími 544-4656, fax 544-4657, www.mhg.is



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



„Þannig kviknaði þessi stóri áhugi á skógrækt“

- Anna Guðmundsdóttir

Í tilefni af því að Edda Björnsdóttir fyrrverandi formaður Landsamtaka skógareigenda var heiðruð og sæmd gullmerki samtakanna á aðalfundi LSE í Miðgarði í Skagafirði í haust þótti tilefni til að eiga við hana viðtal og fer það hér á eftir.

Viðtalið hefst á því að Edda er beðin að segja frá ætt og uppruna og fjölskylduhögum.

Edda segist vera Fjarðamaður í húð og hár. Hún fæddist á Eskifirði og ólst þar upp og voru foreldrar hennar báðir frá Eskifirði og rótgrónir Austfirðingar í ættir fram. Pabbi hennar hét Björn Þorkeðsson og var sín uppvaxtarár á Vattarnesi við Reyðarfjörð. Móðir hennar hét Vigdís Guðmundsdóttir. Edda fór í Alþýðuskólann á Eiðum á unglingsárum. Eftir gagnfræðapróf fór Edda eitt ár til Danmerkur og vann þar á heisuhæli og lauk síðan verslunarprófi frá Verslunarskóla Íslands.

Eiginmaður Eddu er Hlynur Halldórsson frá Miðhúsum þar sem þau búa og hafa starfað um árabil við handverk sem er löngu orðið landsþekkt fyrir listfengi og gæði. Þau eiga þau einn son, Fjölni. Hann er giftur sænskri konu úr Smálöndunum og eiga þau einn son og búa einnig í Miðhúsum.

Hvenær vaknaði áhugi á skógrækt?

Edda segist frá fyrstu tíð hafa haft mikinn ræktunaráhuga, ekki endilega á skógrækt, heldur öllu sem þarf að rækta. En frekari áhugi á skógrækt kviknaði þegar hún fluttist í Miðhús. Þar var skógur, nokkuð stór birkiskógur, og tengdafaðir hennar var farinn að setja niður lerki. Þá voru í gangi skiptiverkefni við Norðmenn, þannig að hingað komu Norðmenn í kynnisferðir og gróðursettu og Íslendingar fóru út til Noregs. Edda sagðist einu sinni hafa tekið þátt í þessu verkefni og þótti mjög gaman. Áhugi Eddu á stórfelldri skógrækt vaknaði ekki fyrr en í kjölfar þrenginganna sem urðu á Héraði í kjölfar niðurskurðar sauðfjár vegna riðu í kringum 1980. Þá höfðu þau verið með um 300 kindur sem þurfti að farga. Á þessum tíma segist Edda hafa verið komin á kaf í alls konar félagsmál og þá kviknaði þessi hugmynd með skógrækt meðan menn þyrftu að bíða af sér riðuna. Fljótsdalsáætlun hafði farið af stað nokkrum árum áður og það hafði sýnt sig góður árangur þar svo það var enn frekari hvatning. Svo að nokkrir aðilar fóru að tala sig saman og undirbúa að fara af stað með almenna bændaskógrækt. Hún lýsir ástandinu meðal bændna sem ömurlegu, því það var skorið niður á svo stóru svæði og engin atvinna sem hægt var að fara í, engin síldveiði eða slíkt. „Við fengum þingmennina í lið með okkur. Það kostaði margar og skemmtilegar

upptökur að sannfæra þá en það hafðist allt. Þannig kviknaði þessi stóri áhugi á skógrækt.“ Áður var búið að rækta alls konar skjólbelti á jörðinni en eftir þetta varð skógræktin á stærri skala.

Eigin skógrækt

Í Miðhúsum eru þau með um 60 ha undir skógrækt á nokkuð samfelldu svæði. Mest hefur verið plantað af lerki en dálítið af furu en svo segist Edda alltaf hafa verið voðalega hrifin af hengibjörk og plantað talsverðu af henni. Hún vex vel og hún segist stöðugt verða hrifnari af henni. Svo er verið að læða einu og einu lauffré inn á milli. Markmið skógræktarinnar segir Edda fyrst og fremst hafa verið að rækta skjólskóg, því á þessu svæði var norðaustanáttin alltaf erfið og köld og mikill snjór, svo að hún sá að skógarskjóli myndi verða svo gott fyrir rollurnar en einnig til að bæta aðstöðu til útivistar. Hún hafði líka séð að þegar féð fór í birkiskógin sem fyrir var, þá snerti það skóginn aldrei að neinu marki, þannig að skógurinn hafði sótt verulega fram þó að þau hefðu beitt hann að einhverju marki. Hún telur að kindur éti skóginn lítið nema annar beitargróður sé svo lélegur að hann nægi þeim ekki, það sé helst að lömb að vori fari eitthvað í laufið. Þegar skógurinn er kominn vel af stað geti bændur vel nýtt skóginn til beitar fyrir búpening og jafnvel til bóta að beita smávegis til að halda niðri mesta grasvextinum. Nú hefur skógur verið grisjaður þannig að hann er opnari og auðveldara að fara um hann og einnig hafa þau aðeins lagt stíga eða slóða. Grisjunarviðinn nýttu þau að langmestu leyti til



Fallegir haustlitir í skóginum. Höf. Edda Björnsdóttir.

uppkveikju því að verkstæðið þeirra er kynt með viði en stærstu tré gátu þau nýtt til smíða en það var ekki að neinu marki.

Nýting skógarins

Hingað til hafa þau sótt í skóginn alls konar greinar í ýmis konar sérsníði og svo tekur Edda mikið rætur sem hún notar til að sauma saman við. Nú fer að koma að því að þau geti farið að sækja sér völdugri efnivið og hyggja gott til glóðarinnar. Þau hafa aðstöðu til að þurrka og vinna úr viðnum en Edda segir þau ekki vera í vinnslu

á öðru en því sem þau nota sjálf, því það sé ekki hægt að vera í öllu. Það barst í tal við Edda að við gætum margt lært af nágrönnum okkar á Norðurlöndum í sambandi við úrvinnslu og að framkvæmdastjórnar landshlutaverkefnanna væru nýkomnir úr kynnisferð þar sem þeir kynntu sér þetta. (*Sjá grein í blaðinu*). Edda hafði ákveðnar skoðanir á því og sagði að það væri alls ekki nóg að framkvæmdastjórnir færu, heldur væru það skógarbændurnir og það fólk sem gæti orðið framkvæmdaaðilar með ýmis konar vinnslu sem þyrfti að fara í slíkar ferðir, því starfsmenn samtakanna yrðu aldrei framkvæmdaaðilar í þessum efnum og væru líka of lélegir að miðla þessu. Edda telur að það hafi alla tíð verið Akkílesarhæll Skógræktarinnar, hvort sem það er ríkisskógræktin eða aðrir, að það er alltaf verið að skoða og sjá og spekúlera úti í heimi en allt of lítið komist til skila til þeirra



Edda við hengibjörk í haustlitum. Höf. EB.

sem eru „á gólfinu“. Edda nefnir að það hafi verið mjög gagnlegt þegar skógarbændur hafi farið í kynnisferðir m.a. til Skotlands og Danmerkur. Í Danmörku kynntu þeir sér jólatrjáærækt og hún taldi það hafa skilað því að eftir að hafa prófað að setja jólatré í dálitinn flekk hjá sér, gat hún ekki hugsað sér að vera með þessa „eiturrækt“ og áburðaraustur til að stjórna litnum fyrir markaðinn, þannig að hún er komin á þá skoðun að best sé að rækta jólatré undir „skermi“ í skóginum, leyfa þeim að vaxa og velja svo úr en Danir séu að verða komnir í ógöngur með sína ræktun. Í Skotlandi skoðuðu þau alls konar sögunarmyllur og þar sá Hlynur hvernig hann vildi hafa sína stórviðarsög og smíðaði sér svo þegar hann kom heim. Edda finnst að „Verkefnin“ þurfi að gera meira af því að koma fólki í svona ferðir,



Úttivist og nýting jarðargróðurs. Höf. EB.

því starfsfólkið þar muni aldrei fara í svona vinnu, úrvinnslu, það er í öðru og það er ekki nóg að bara þau séu að kynna sér þetta.

Edda telur skógræktina muni leiða af sér miklar lífsstílsbreytingar, líka fyrir þá sem standa utan við og fólk finni það vel þegar það fer út úr skóginum hvað skjólið sem hann gefur er mikið og að á Héraði og inni í Egilsstöðum sé hann farinn að skipta verulegu máli fyrir veðráttuna til hins betra. Sjálf nýtir Edda sveppi sem hún týnir í skóginum, býr til safu og ýmislegt fleira og talar um að síðastliðið sumar hafi verið einstaklega gjöfult sveppaár. Hún er búin að koma sér upp lítilli matvælavinnslu þar sem hún er með þurrkaðstöðu til að þurrka sveppi, lauf og aðrar jurtir. Jurtirnar selur hún mest til annarra sem nota þær í sína framleiðslu.

Minnisverðir atburðir úr eigin skógrækt, árangur, áföll

Minnisstæðasta áfallið sem þau í Miðhúsum hafa orðið fyrir í skógræktinni var þegar þau fengu frost á allaufgað lerkíð þegar komið var fram í júní fyrir þremur árum síðan og það stóð brúnt allt sumarið. Þá bjuggust allir við að miklir skaðar yrðu en næsta sumar hafði það náð sér og varð grænt og fallet aftur og það var að sama skapi gleðilegt. „Það var mjög súrrealískt að horfa á brúnan skóg á miðju sumri.“ Edda finnst árangur skógræktarinnar vera ótrúlega góður, þrátt fyrir að alltaf sé verið að tala um áföll en henni finnst að ekki eigi að meta nýskógrækt fyrr en eftir 3 ár. Edda nefnir að hún fljúgi talsvert og henni finnst ótrúlegt að koma niður inn við Múla og fljúga út eftir Héraðinu og sjá alla skógana. Til dæmis í Fellunum þar sem



Birkisafa safnað. Höf. EB.

skógrækt fer alveg upp á brún í Fellaheiðinni, allt upp í 700 m hæð. Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu mikið þetta sé nema úr lofti eða með því að fara í gegnum skógin en þá finnst henni að mætti líkja því við að vera komin til í Alaska eða á álíka slóðir og býður við-mælenda að fara í sýningarferð næst þegar hún kemur austur á Hérað. Edda nefnir að hún hafi plantað svolitlu af eðallauftrjám í skógar-skjólið, m.a. eik sem hafi vaxið mun betur en hún átti von á. Eftir sumarið eru allt upp í 40cm árssprotar á eikartrjám og hæsta eikin orðin vel á 5. metra há.



Sveppir. Höf. EB.



Eikin fallega heima við hús. Höf. EB.

Upphaf LSE – aðdragandi og stofnun samtakanna

Upphaf stofnunar LSE rekur Edda til þess að Sunnlendingar hafi farið að ýta við því að félög skógarbænda í landshlutunum stofnuðu samtök. Þeir sóttu töluvert á því að þeir voru að koma sínum málum í gegn með að það yrði gerð landshlutaáætlun fyrir Suðurland og voru stórhuga. Menn vildu bindast samtökum til að geta gert sig gildandi. Samtökin voru stofnuð á Hallormsstað árið 1997 á fjölmönnum fundi sem tókst afskaplega vel, það var farið í skoðunarferð, mikið sungið og skemmtilegt. Í fyrstu stjórn samtakanna voru Sigurður Jónsson í Hrepphólum, Davíð Guðmundsson í Glæsibæ og Edda. Svo komu Vestlendingar og Vestfirðingar seinna inn í samtökin.

Eftirminnilegir atburðir í stjórnarstarfi LSE

Edda nefnir tvennt sem henni finnst hafa skipt mestu máli. „Það sem mér finnst standa upp úr er hvað það hefur komið mikið afl í samtökin úr öllum landshlutum og það sem skipti sköpum var að landssamtökin komust inn á fjárlög með styrk til starfsins. Þá fóru hjólin að snúast.“ Og svo finnst henni að samtökin hafi náð að veita „Verkefnunum“ svoltið aðhald sem sé nauðsynlegt. Meðal annars vegna þess að starfmenn þar séu uppaldir hjá Skógrækt ríkisins og þar séu aðrar áherslur en hjá bændum sem eru í skógrækt á sínum bújörðum. Edda minnst sérstaklega ágreinings vegna staðla í plöntukaupum en það skemmtilegasta við það var hvað fólk var alltaf tilbúið að sættast og halda áfram að vinna saman. „Það var einhvern veginn þannig þegar verið var að byrja að þá fannst mönnum sjálfsagt að taka við öllum plöntum en það breyttist fljótt þegar menn áttuðu sig á því að það kom mönnum í koll. Þá fór fólk að gera kröfur. Það er bara þannig að þú kaupir ekki Skoda ef þú getur fengið Toyota.“ Það voru ýmsir svona litlir sigrar sem skiptu máli þegar samtökin fóru að gæta hagsmuna skógarbænda.

Framtíð skógræktar hjá skógarbændum – áskoranir og tækifæri

Edda telur að yngri kynslóðin sjái tækifærin í skógræktinni jafnvel betur en þeir eldri og hvað hún skiptir miklu máli í sambandi

við búskap. Hún segist oft skipta skógrækt í tvennt; annars vegar „lýðveldisskógrækt“ þar sem menn draga upp flaggið á 17. júní og rjúka út og planta skógi og svo hins vegar þegar menn eru að gera þetta til hagsbóta fyrir sín býli og sínar skepnur. Því sá skóður skiptir svo miklu máli fyrir allan búskap. Svo nefnir hún stór svæði á Suðurlandi þar sem enginn maður býr eins og t.d. á Skeiðarársandi þar sem er að vaxa upp stærsti sjálfsáni skóður landssins og gífurleg tækifæri til ræktunar að skapast, ræktun í skjóli skógar. Það er sama hvort það eru hestar, kýr eða kindur eða kornið, það þarf á þessu skjóli að halda og til að koma í veg fyrir að veður skemmi uppskeruna. Menn setja skóginn ekki í besta ræktunarlandið en „þú nýtir alla skækla af skinninu og það er einmitt þannig sem á að stunda skógrækt. Nota það land sem þú sérð að verður aldrei frjósamt ræktarland til að auka þitt beitarland, þó að það verði ekki fyrr en eftir kannski 20 ár og gera það þá aðgengilegt fyrir skepnurnar með því að grisja hæfilega svo þær komist inn í skjólið til að bíta skógarbotninn.“

Edda vonar að hægt verði að hefja nýja sókn í skógrækt eftir mikinn niðurskurð, og skorar á stjórnvöld að íhuga sinn gang í loftslagsbreytingum því þetta sé besta tækifærið til að hafa áhrif og vinna gegn þeim.



Í skóginum. Höf. EB.

Ráðstefna Kraftmeiri skóga

- Björgvin Eggertsson LbhÍ



Föstudaginn 29. ágúst var haldin lokaráðstefna fræðsluverkefnisins Kraftmeiri skóga í Miðgarði í Skagafirði. Þá voru liðin tæp tvö ár frá því að verkefnið var sett af stað undir forystu Landssamtaka skógareigenda (LSE) og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Kraftmeiri skógum var ætlað það hlutverk að ná til sem flestra skógareigenda á Íslandi með almennri fræðslu (leshringjum), heimsóknum til skógareigenda, útgáfu á kennslufni, með virkri heimasíðu og ýmskonar endurmenntun bæði í skólastofum og úti í skógi. Einnig var áætlað að opnaðir yrðu fræðsluskógar á nokkrum stöðum á landi. Á ráðstefnunni sem stóð frá 13:30 – 15:30 voru flutt átta erindi sem öll nema eitt voru flutt af konum. Fundarstjóri og túlkur á erlendum erindum var Valgerður Jónsdóttir hjá Norðurlandsskógum.

Marianne Eriksson frá Kraftsamling skóg í Svíþjóð og aðalflugmynda-smiður verkefnisins, fór yfir hvernig verkefnið gekk fyrir sig í Svíþjóð og sagði frá hvernig áhugi skógareigenda og árangur hefur aukist í kjölfar verkefnisins. Marianne Lyhne frá Kaupmannahafnarháskóla ræddi um framtíð skógræktar hér á landi, út frá þeirri þekkingu sem hún býr yfir eftir fjölmargar heimsóknir hingað til lands. Guðríður Helgadóttir hjá LbhÍ á Reykjum fjallaði um mikilvægi fræðslu og menntunar í svona ungri atvinnugrein eins og skógrækt. Anna Guðmundsdóttir skógarbóndi í Reykhúsum sagði frá reynslu sinni sem hópstjóra í leshópi í Eyjafirði. Þar kom m.a. fram að um góða



Marianne Eriksson í ræðustól.

Grettistaki fyrir LSE varðandi fjármögnun og uppbyggingu á samtökunum. Harpa Dís Harðardóttir hjá Suðurlandsskógum sagði frá heimsóknunum skógræktarverkefnanna til skógareigenda, þar sem skógareigendur voru spurðir út í skógræktina, tilgang, væntingar, vonbrigði, þekkingu og samskipti við skógræktarverkefnið. Margt fróðlegt kom fram í viðtölunum fyrir þá er standa að og skipuleggja skógræktarstarfið. Eftir er að taka saman svör skógareigenda, en það verður gert á næstu misserum.




27. sept 2012 Verkefnið sett formlega af stað.

viðbót væri að ræða í fræðslumálum, þar sem að skógareigendur gátu lært hverjir af öðrum. Margt gott hefði komið út úr leshópnum, en það hefði mátt bæta og klára suma hluti áður en leshópnum lauk. María E. Ingvadóttir skógareigandi á Akurbrekkum sagði frá hvernig hún upplifði að taka þátt í Kraftmeiri skógum sem skógareigandi. Hrönn Guðmundsdóttir hjá LSE sagði frá áhrifum Kraftmeiri skóga á Landssamtök skógareigenda, en segja má að verkefnið hafi lyft

Björgvin Eggertsson hjá LbhÍ kynnti samantekt á verkefninu Kraftmeiri skógur. Í október 2012 var sett sjö manna verkefnisstjórn yfir verkefnið. Verkefnisstjórn var Björn B Jónsson þáverandi framkvæmdastjóri LSE, Björgvin Örn Eggertsson LbhÍ, Harpa Dís Harðardóttir Suðurlandsskógum (til apríl 2013), Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri LSE (frá apríl 2013), Marianne Eriksson LRF Svíþjóð, Marianne Lyhne KU Danmörk, Theodóra Ragnarsdóttir LbhÍ og Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir LbhÍ. Fljótlega var sett í loftið ný heimasíða fyrir skógareigendur www.skogarbondi.is Á síðunni sameinast öll landshlutaverkefni í skógrækt, félög skógareigenda um allt land og LSE. Þannig að búið er að einfalda heimasíðufrumskógin og fækka slóðum úr átta í eina. Hannað var merki fyrir verkefnið og var það Þórunn Edda Bjarnadóttir á Hvanneyri sem á heiðurinn af merkinu. Sett var á laggirnar ritnefnd sem í voru Björgvin Eggertsson, Björn B Jónsson, Hallur Björgvinsson og Harpa Dís Harðardóttir. Hafði ritnefndin það hlutverk að vinna að nýrri bók um skógrækt í anda sænsku bókarinnar Nya Tidens Skog sem Svíar studdust við í sínum leshringjum. Fljótlega kom í ljós að ýmislegt var í sænsku bókinni sem ekki átti við hér á landi og einnig vantaði heilmikið í bókina fyrir Íslenskar aðstæður. Bókin, Skógarauðlindin – ræktun, umhirda og nýting, er 128 síður í stóru broti og skiptist í 35 kafla. Um þrjátíu sérfræðingar komu að skrifum og þýðingum í bókina. Á annað hundrað mynda og teikninga eru í bókinni. Allar myndirnar

eru íslenskar og margar teikninganna. Bókin kom út í ágúst 2013 á aðalfundi LSE í Hveragerði. Það var svo sænski skógareigandinn og sparksérfræðingurinn Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari Íslands sem afhenti Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra fyrsta eintakið af bókinni. En Lars tók þátt í sænska verkefninu fyrir tveimur árum og var með fræðsluskóg á sínu landi í Norður-Svíþjóð. Undirbúningur fyrir leshópana fólst í að fræða hópstjóra væntanlegra leshringja um



Skógarauðlindin

– ræktun, umhirda og nýting

Forsíða Skógarauðlindarinnar.

hvernig staðið var að fræðslunni í Svíþjóð og hvernig standa skuli að hópunum á Íslandi. Fór þessi fræðsla fram undir handleiðslu Marianne Eriksson í Svíþjóð. Öllum skógareigendum á landinu var boðið að taka þátt í leshring í sínum landshluta. Hver leshringur samanstóð af sjö samverustundum í 2-3 tíma í senn og var stuðst við bókina Skógarauðlindina. Einn leshópur var á



Fræðsluskilti í Hrosshagaskógi.

Kraftmeiri skógur bauð einnig upp á heimsókn og ráðgjöf til þeirra sem stunda ræktun jólatrjáa innan LSE. Var það Marianne Lyhne frá Kaupmannahafnarháskóla sem kom hingað til lands og ferðaðist um Austur- og Norðurland sumarið 2013. Árið 2014 voru svo jólatrjáaræktendur á Suður- og Vesturlandi heimsóttir. Samtals voru 28 ræktendur heimsóttir þessi tvö sumur. Með henni í för voru Else Möller og Hrönn Guðmundsdóttir. Starfsfólk allra fimm landshlutaverkefnanna heimsóttu nokkra af sínum skógareigendum og spurði þá sautján spurninga, m.a. út í tilhögun og stöðu skógræktarinnar á jörðinni, væntingar með ræktunni, samskipti við



Lars Lagerbäck, Sigurður Ingi landbúnaðarráðherra, Björn L. Jónsson og Björgvin Eggertsson með fyrstu eintökin.

Norðurlandi, tveir hópar á Vesturlandi og þrír hópar á Suðurlandi. Samtals um 70 manns voru í þessum 6 leshópum. Ekki náðist í hóp á Austurlandi. Gefinn var út námsvísir fyrir þátttakendur leshópanna til að samræma fræðsluna á landsvísi. Nemendur fylltu síðan út matsblað í lok síns leshóps til að meta upplifunina á leshópnum.

Á þremur stöðum á landinu hafa verið settir upp fræðsluskógar, á Hvammi í Eyjafirði, Hvanneyri í Borgarfirði og í Hrosshaga í Biskupstungum. Í fræðsluskógunum var sett upp eitt stórt skilti með stuttum texta um jörðina og loftmynd af fræðslustígnum sem liggur um skógin. Við fræðslustígin voru sett upp 6 – 8 upplýsingaskilti um það sem fyrir augu ber. Útbúið var stutt fræðsluerindi um kosti skjólbelta. Boðið var upp á að koma með erindið á aðalfundi og félagsfundi hinna ýmsu hópa. Farið var á þrjá fundi á Suðurlandi.



Verkefnisstjórn og erlendu fulltrúunum þakkað í lok ráðstefnunnar.

skógræktarverkefnið, þekkingarstig til skógræktar og helstu verkefni framundan. Samtals voru það 210 jarðir sem voru heimsóttar.

Í lok ráðstefnunnar þakkaði Björn B Jónsson verkefnisstjóri Kraftmeiri skógs öllum þeim aðilum sem komu að verkefninu með verkefnisstjórninni. Kraftmeiri skógur er svo kallað yfirfærsluverkefni sem var samstarfsverkefni fimm aðila innan þriggja landa, sem tóku þátt í LLP endurmenntunaráætlun ESB, The Lifelong Learning Programme 2007-2013. Einnig þakkaði hann verkefnisstjórninni og færði erlendu fulltrúunum í henni viðarskálur úr íslenskum álmi að gjöf og ljósmyndabók. Loks þakkaði hann ráðstefnugestum fyrir þátttökuna á þinginu en um 70 manns komu mættu á ráðstefnuna.

Skógarsaga úr Skagafirði

Álfur Ketilsson og Margrét Stefánsdóttir, skógarbændur í Brennigerði í Skagafirði

Eftirfarandi grein er unnin upp úr lokaverkefni þeirra Álfs Ketilssonar og Margrétar Stefánsdóttur í Grænni skógum I á Norðurlandi vorið 2010. Þau hafa búið í Brennigerði í Skagafirði og stundað þar skógrækt um alllangt skeið. Álfur og Margrét giftu sig 1971 og tóku við búi í Brennigerði árið eftir og byrjuðu þá strax að setja niður skógarplöntur. Væntanlega hafa margir gaman af að máta eigin reynslu af skógrækt við greinargóða lýsingu þeirra á framkvæmdum og árangri. En nú gefum við þeim Álfi og Margréti orðið þar sem þau rekja skógrækt sína í Brennigerði.



Brennigerði.

Skógrækt í Brennigerði má skipta í 3 hluta:

- Heimaskógrækt
- Skjólbelti
- Bændaskógrækt

Heimaskógrækt

hófst eins og áður er frá sagt árið 1971. Girtur var tæpur ha út og niður af Bæjarhólnum, syðst í Holtinu. Þessi blettur var mjög erfiður viðureignar vegna vaðandi holklaka er velti öllum gróðri um koll eða mikillar grassprettu, sem kæfði trjágróður. Einkum varð snarrótin okkur þung í skauti. Við fylltum blettinn af birki, sem hvarf meðan við vorum í heyönnum og kom ekki upp úr sinunni fyrr en árum seinna og þá hálfum metra neðar í brekkunni. Þessar plöntur uxu fram undir fermingaraldur en dóu þá flestar drottini sínum, þar sem þær snérust sundur í öðrum hvorum vinklinum eða börkurinn losnaði og fúnaði. Þarna lærðum við þá lexíu að gróðursetja alls ekki birki í graslendi nema mjög vel væri fylgst með því, svo ekki færi allt á kaf. Furan stóð sig í löku meðallagi, vildi bogna undir sinufarginu eða brenna í útmánaðapurrki en lifði samt. Rauðgrenið fór líka nokkuð á kaf, en grenið, sem væntanlega var einkum sitkabastarður, stóð sig best og er komið yfir 8 mtr hæð. Smám saman tókum við fleiri óræktarbletti undir heimaskógrækt og

nú eru komnir um 5 ha undir skógrækt og ca 12000 plöntur af ýmsum stærðum og gerðum, þar af er þriðjungur plantna heimaræktað birki og sitkabastarður.

Fyrstu 2 áratugina slógum við heldur slöku við skógræktina enda í mörg horn að líta en árið 1994 byggðum við okkur 32 m² gróðurhús úr járnörum og gróðurhúsadúk. Hefur þetta skýli staðið sig frábærlega og er ennþá með sama dúkinn – eftir 16 ár. Virðast einkum 3 atriði hafa reynst happadrygst: traust grind, upphitun á dúknum og mjög mikið tog á honum. Nú var hægt að rækta eigin plöntur. Birkifræ framan úr Fögruhlíð í Skagafirði og grenifræ úr heimareit var notað og gafst vel. Sérstaklega komu greniplönturnar vel út enda ræktaðar sem garðplöntur og komust þannig fljótur upp úr grasi. Árið 1996 gerði Skógrækt ríkisins samanburðartilraun með mismunandi tegundir og kvæmi af greni í tæpan ha í túnskika í Brennigerði. Var plægt og gróðursett í plógfarið og hefur árangur orðið þökkalegur að okkar mati. Þau mistök voru þó gerð að plægt var eftir halla túnsins og vildi því renna úr plógförum meðan þau voru að gróa. Var nokkru bjargað með því að bera moð og heyrsl í plógförin og eins var slegið gras frá plöntum, sem vildu fara í kaf, þar eins og annars staðar. Nú eru tæplega 1100 greniplöntur að vaxa þarna upp, 1 til 3ja mtr á hæð.



12 ára sitkabastarður vaxinn þeim Álfi og Margéti yfir höfuð.

Skjólbelti

Árið 1987 hófumst við handa að koma upp skjólbeltum um hús og tún. Samþykkt voru lög frá Alþingi um styrk til skjólbeltagerðar og ýttu þau undir framkvæmdaáhuga, en dattu fljótt út af fjárlögum. Nútímatækni, eins og lagning plastdúka, voru ekki fyrir hendi og því notast við það sem í boði var. Skárum þökur ofan af sumum tünnum og tættum undir skjólbeltin. Einnig breyttum við einskera plóg þannig að V-laga botnrás myndaðist og húsdýraáburður settur í rásina og síðan plöntuhnausinn.

Við forræktuðum plönturnar í skjólbeltin og notuðum aðallega víðju og alaskavíði, grænan og brúnan. Sá græni hefur reynst okkur hlutfallslega betur vegna þess að hann vex ekki eins mikið og sá brúni, sem hefur tilhneigingu til þess að vaxa yfir sig og leggjast flatur. Reynt var að halda grasi og öðru illgresi í skefjum með eitrun og orfslætti og öðrum hefðbundnum aðferðum. Vorum nokkuð dugleg að klippa utan og innanúr skjólbeltum fyrstu árin en hefðum mátt vera duglegri að klippa ofanaf.

Við mjökuðum skjólbeltaræktinni áfram næstu 10 árin eða til 1997 en þá voru skjólbeltin orðin tæpir 3000 lengdarmetrar með 6 til 7 þús plöntum, nær eingöngu heimaræktuðum. Haustið 2009 gríjuðum við skógarstíga um skjólbelti og skógarbletti og lögðum kurl í slóðirnar fyrir gesti og gangandi.

Bændaskógrækt

Gerður var „samningur um nytjaskógrækt“ á jörðinni Brennigerði, Skagafirði, við Norðurlandsskóga, dagsettur 14.12.2001. Sá samningur var endurnýjaður lítið breyttur 28.02.2008. Voru þar teknir til skógræktar rúmlega 98 ha eða fjallshlíðin öll, frá tünnum og upp á brún. Fyrir voru merkja- og vörslugirðingar, sem voru látnar ráða stærð skógargirðingar. Um sumarið var lakasta girðingin endurnýjuð og aðrar endurbættar. Jafnframt var mótað fyrir slóðum um allt fjallið og þær ýturuddar. Urðu þær alls 6,2 km og færar flestum torfærutækjum, svo sem jeppum, dráttarvélum og sexhjóli, sem við keyptum árið 2005 og hefur mest verið notað síðan til allra aðdráttar og flutninga. Eftir er að malbera stígana, sem væri mjög til bóta, þar sem þeir vilja missíga. Einnig þurfti að grafa fyrir amk 10 ræsum þar sem brúa þurfti bleytur og læki. Þessar framkvæmdir voru unnar 2002 og 2003 og tókst slóðagerðin sérlega vel vegna misgengislaða í fjallinu, þar sem hægt var að þræða melrinda og hjalla. Eins hefur líti borið á úrrennsli, sem menn þó óttuðust nokkuð. Útivistarfolk hefur fengið að rölta eða skokka eftir þessum slóðum og hafa ýmsir notfært sér það, enda einkar þægilegir til þeirra hluta.

Á 8 árum, eða frá hausti 2001 voru gróðursettar alls um 114 þúsund plöntur. Á árunum 2003 til 2006 þegar Johan Holts var svæðisstjóri NLS á Norðurlandi vestra, kom hann á haustin með hóp vaskra kanadískra járnkarla og gróðursettu þau um 75 þúsund plöntur. Munaði um minna og kunnum við öllu því fólki ómældar þakkir fyrir góð handtök og hjálp alla. Sá galli var þó á gjöf Njarðar að Kanadafólkið forðaðist allar beinar línur eins og heitan eldinn við gróðursetninguna og lentum við því í stökustu vandræðum að finna plönturnar að vori þegar átti að gefa þeim áburðarskammtinn sinn.

Hvað vex best?

er einhver algengasta spurningin, sem beint er að okkur skógarbændum og er þá átt við hvaða plöntutegund dafnar best í skóg-

ræktinni. Það er ekki alltaf auðvelt að svara þeirri spurningu, gæti verið hvað sem er af þessum algengustu trjátegundum.

Síðustu þrjú árin hefur lerkinu miðað vel áfram, en kól árin á undan og skilaði litlu nema tvítoppum. Elsta lerkíð farið að nálgast 2 m og er ótrúlega duglegt í melunum en hætt við rötarsliti, gæti menn sín ekki gagnvart holklaka í flagmóum. Lifun er misjöfn en þó framar vonum. Búið er að gróðursetja tæplega 67 þús lerkí eða 66% samkvæmt áætlun.

Öspin er að skjótast upp fyrir 2 m og hefur dafnað nokkuð vel. Er þó þurftarfrek og skilaði vafalítið meiri vexti, væri henni boðin betri jörð. Höfum sett hana niður við brekkurætur í grennd við mýrina. Hefðum viljað fá meira af henni en í boði hefur verið en förum þó gætilega, vitandi af asparryðinu, sem hefur þó ekki ennþá ekki orðið vart við. Búið er að gróðursetja tæplega 2 þús aspir eða 67% af áætlun.

Stafafuran hefur reynst nokkuð áhugaverð. Þær spretthörðustu teygja sig upp undir hné á meðalmanni og margar farnar að lita í kringum sig, tilbúnar í kapphlaup. Stafafuran hefur fyrst og fremst verið gróðursett í mólendi og hefur orðið að berjast fyrir lífi sínu við fjalldrapann og lynggróður. Hún hefur viljað brúnkast á útmanuðum en kemur þó græn undan vetri nú í vor 2010. Höfum reynt nokkuð við lindifuru en hún vill bögglast undan krapahriðinni og blauta snjónum. Búið er að gróðursetja tæplega 12 þús furur ýmissa tegunda eða 52% af áætlun.

Grenið hefur reynst okkur svolítið brokkgengt en þó misjafnt eftir tegundum. Blágrenið fer hægt af stað en er þökkalega farsælt. Sitkabastarður kröfuharðari með áburð og aðrar grenitegundir lakari. Erum þó búin að gróðursetja rúmlega 1000 plöntur af sitkabastarði úr heimaræktun í garðplöntustærð, sem eru álitlegar. Grenið er yfirleitt nokkuð duglegt í grasbeðjunni en miklu lélegra í lynginu og hrópar þar á áburðargjöf. Búið er að gróðursetja rúmlega 9 þús greni ýmissa tegunda eða 63% af áætlun.

Birkíð hefur valdið okkur vonbrigðum, enn sem komið er. Vex hægt og hættir við að missa toppinn, sérstaklega af völdum skaraveðra, sem hér geta orðið býsna hörð. Höfum líka sett birkíð í skógarjaðra og afmarkaða lundi. Er þó komið á annan metra á hæð og tekið nokkuð við sér góðviðrísárin 2007 til 2009. Höfum reynt hengibirki en væntanlega ekki gefið því noga frjósama jörð til þess að sýndi dugnað sinn. Búið er að gróðursetja tæp 21 þús birkiplöntur eða 80% af áætlun. Fleiri tegundir hafa verið reyndar en með misjöfnum árangri. Rúmlega 1000 reyniplöntur hafa verið vistaðar í skógarjörðum til skreytingar á útivistarskóginum. Þrífast misjafnlega og virðast bíða eftir skógarskjólinu. Elri verið notað í eyður og sem landnemar á ýmsa staði upp um fjallið.

Lokaorð

Þegar við hjónin litum til baka eftir nær 40 ára búskap, blasa við okkur miklar breytingar, sem dagur hversdagsins hefur hulið sýn. Gróður hefur stórauðist og breyst með tilkomu skógarins og friðunar landsins. Berjaspretta fer sívaxandi og einkum breiðir aðalberjalyngið úr sér. Nýir landnemar skjóta upp kollinum eins og hrútaberjalyng og einir. Fuglaflórán breytist líka. Stelkar, hrossagaukar og jaðrakan hreiðra um sig í sinunni. Auðnutittlingar og músarindlar leita í skóginum og rjúpan í skjólbeltin. Á eftir henni kemur tófan, sem því miður gerir sig alltof heimakomna. Og branduglan hefur stundum vetrarsetu í skóginum og verpir í túnfætinum.

Lokaorð okkar verða. Það er gaman að lifa.

Skógargull, afurðir skóga aðrar en timbur

Lilja Magnúsdóttir og Agnes Geirdal

Á undanförunum árum hefur áhugi á afurðum skóga öðrum en timbri aukist mjög víða um heim og sérstaklega í Evrópu þar sem þekking á afurðum skóganna var víða við það að glatast í hraða nútímasamfélags. Áður voru afurðir skóganna, ber, sveppir, jurtir og annað það sem skógar gefa af sér mikilvægur hluti af fæðu fólks sem bjó í nágrenni við skógana. Með nútímavæðingu samfélaganna dró smám saman úr áhuga og þekkingu á fólks á hvernig nýta mátti þessara auðlindir en í seinni tíð hafa augu fólks opnast fyrir verðmæti þessara afurða til hinna ýmsu nota svo sem lyfjaframleiðslu, skreyti-efnis og efnanýtingar auk matar. Víða um Evrópu er aukinn áhugi á þessum afurðum sem verðmæts hráefnis til frekari úrvinnslu auk þess sem hreinfæðisstefna og aukinn áhugi fólks á náttúruvörum hefur leitt til meiri notkunar á þessum afurðum. Hér á landi höfum við einnig orðið vör við aukinn áhuga á þessum

afurðum skóga annarra en timburs. Jafnframt er ætlunin að safna saman þekkingu innan geirans í Evrópu svo hægt sé að setja á fót rannsóknir á þeim atriðum þar sem skortir á þekkingu innan málaflokksins. Verkefnið er byggt upp í fjórum flokkum sem fjalla um sveppi, afurðir trjáa, skógargróður og afurðir úr dýraríkinu. Hér á landi var hafinn undirbúningur að hliðstæðu verkefni á vegum LSE sem kallað var Skógargull og því var búið að leggja grunn að vinnu sem nýtist í þátttöku í NWFP. Fyrsti fundurinn í Brussel var fyrst og fremst kynningarfundur á verkefninu en næsti fundur sem haldinn var í júní í Lissabon í Portúgal var fyrst og fremst vinnufundur þar sem verkefninu var markaður rammi og lagðar línur um áframhaldið. Þriðji fundurinn var síðan haldinn í Krakow í Pólandi í febrúar 2014 þar sem unnið var áfram með upplýsingaöflun varðandi þá þekkingu sem til er í þátttökulöndunum. Framundan er síðan



Hópurinn sem tekur þátt í Cost verkefninu Afurðir skóga aðrar en timbur fyrir utan ráðstefnuhótelid í Krakow í Pólandi í febrúar 2014. Ljósmynd: Agnes Geirdal.

afurðum skóganna þegar við skógarbændur sjáum skóginn okkar vaxa upp og í honum fara að birtast ýmis konar sveppir sem okkur leikur forvitni á að vita meira um og læra að nýta. Einnig hafa íbúar sem upprunnir eru í öðrum löndum svo sem í Pólandi og Thailandi sóst eftir að komast til að tína sveppi og nýta og þannig vakið áhuga okkar Íslendinga á þessari auðlind skóganna okkar. Landssamband skógareigenda (LSE) hefur lengi haft áhuga á að læra meira um mögulega nýtingu skógarafurða erlendis og koma þeim fróðleik á framfæri við skógarbændur hér á landi. Tækifæri til þess bauðst þegar Matís ákvað á síðasta ári að taka þátt í Evrópuverkefni sem nefnist European non-wood forest products (NWFPs) og hafði samband við framkvæmdastjóra LSE um samstarf í verkefninu.

Þær Lilja Magnúsdóttir, starfsmaður Matís og Agnes Geirdal skógarbóndi fóru síðan til Brussel í apríl 2013 á fyrsta fund verkefnisins. NWFP er fjögurra ára verkefni á vegum Cost sem er fjármagnað af Evrópusambandinu. Í verkefninu taka þátt um 27 Evrópulönd og tilgangur verkefnisins er að meta stöðu þekkingar innan Evrópu á

að svara viðamikilli spurningakönnun um stöðu þessara mála hér á landi sem og í öðrum þátttökulöndum og eru þátttakendur að vinna að gagnaöflun fyrir þá könnun.

Tilgangurinn með þátttöku Íslands er fyrst og fremst að kynnst þeim möguleikum sem liggja í nýtingu á afurðum skóga og miðla þeim upplýsingum hér heima. Með aukinni þekkingu á málaflokknum skapast tækifæri fyrir nýja framleiðslu og fleiri möguleikar á úrvinnslu afurða úr skógunum auk bættrar þekkingar á þeim atriðum sem hafa þarf í huga við skipulagningu skóga vegna annarrar nýtingar þeirra en timburs. Ennþá er langt í land að við Íslendingar séum búnir að átta okkur á þeim auðlindum sem geta falist í skógunum okkar þó nokkrir skógarbændur séu vissulega duglegir að byggja upp starfsemi við söfnun og sölu afurða úr skóginum sínum. Margar spurningar vakna þegar slík nýting er skoðuð og því gott að geta leitað í smíðju þjóða sem hafa langa og mikla hefð fyrir nýtingu þessara afurða.

Nauðsynlegt er fyrir okkur Íslendinga að halda saman góðum upplýsingum um magn þeirra afurða sem við erum að nýta til að við getum bent á framlag skóganna til tekjuöflunar. Slíkum upplýsingum er hins vegar ekki auðvelt að halda til haga eins og reynsla til dæmis Pólverja sýnir okkur. Í Póllandi er frjáls aðgangur allra að ríkisskógum og almenningur má tína þar sveppi og ber án leyfis. Það þýðir að engar upplýsingar eru um það magn sem er uppskorið í skógunum og því engin leið að vita hvort nýting skóganna er sjálfbær eða hvort verið er að ganga á náttúru skóganna með ofnýtingu. Af sömu ástæðu eru ekki til tölulegar upplýsingar um það verðmæti sem verður til í skógunum aðrar en þær sem verða til þegar vörur úr skógunum eru keyptar til áframsölu svo sem útflutnings. Árið 2009 voru í Póllandi rúmlega 4.000 tonn af sveppum keypt til áframsölu að verðmæti rúmlega 13 milljónir evra en það er talið aðeins lítið brot af því magni sem fæst úr skógum í ríkiseign í Póllandi og er nýtt af almenningi. Einnig er mjög mikið magn af berjum nýtt víða svo sem í Skandinavíu og rannsókn í Finnlandi leiddi í ljós að árlega má reikna með að tínd séu á bilinu 92.000 – 312.000 tonn af bláberjum eftir því hversu gott berjaár er hverju sinni. Það er því ljóst að um umtalsvert verðmæti er að ræða í afurðum í skógunum.

Það er því mjög mikilvægt að við getum tryggt sjálfbæra nýtingu á þessari auðlind okkar þannig að ekki sé hætt á að gengið sé of nærri náttúrunni og afurðir hennar tryggðar til framtíðar. Með þátttöku Íslands í alþjóðlegum verkefnum á borð við Cost verkefnið NWFP gefst tækifæri til að læra af öðrum þjóðum hvernig best er



Á vinnufundinum í Lissabon í júní 2013 var portúgalskt hunang kynnt fyrir þátttakendum í verkefninu. Ljósmynd: Agnes Geirdal.

að nálgast slíka nýtingu og hvað helst ber að varast þegar unnið er að söfnun afurða úr skóginum. Það er ljóst að um umtalsverða fjármuni getur verið að ræða fyrir skógarbændur sem ná að nýta sér afurðir skóga sinna og því til mikils að vinna að rétt sé staðið að nýtingu skóganna frá upphafi til að við getum notið alls þess sem þeir geta gefið af sér til langrar framtíðar.

Höfundar eru báðir skógarbændur, Lilja ræktar sinn skóg að Kvígindisfelli í Tálknafirði og Agnes ræktar sinn skóg á Galtalæk í Biskupstungum. Þær nýta báðar afurðir skóganna fyrir heimili sín auk þess sem Agnes er með býflugnabú og selur hunang upprunnið úr skóginum.

Grisjun á Norðurlandi vegna afhendingar til Elkem á Grundartanga

Rúnar Ísleifsson, skógarvörður á Vöglum

Nú í ár hefur óvenju mikið verið grisað hjá Skógrækt ríkisins á Norðurlandi. Tvær meginástæður eru fyrir þessu. Annars vegar eiga skógar eigendur þess kost að selja verulegt magn af timbri til Elkem á Grundartanga og hins vegar er sú staðreynd að á vormánuðum var keypt grisjunarvél (Gremo 1050) á vegum einkaaðila til landsins sem gefur okkur kost á að auka verulega umfang grisjana frá því sem áður var. Þannig háttar til að meginhluti umsjónarsvæða hjá Skógrækt ríkisins á Norðurlandi er í vestanverðri Þingeyjarsveit á svæði sem yfirleitt er frekar snjóþungt. Þar er oft á tíðum ekki raunhæft að vinna við grisjun nema yfir sumar- og haustmánuðina. Erfitt er að halda úti stórum grisjunarflokkum þar sem einungis er hægt að útvega vinnu hálft árið í senn. Sumarmánuðirnir eru einnig mesti annatíminn í starfsemi Norðurlandsdeildar og grisjun á öðru en birki til arinviðarframleiðslu oft látin sitja á hakanum.

Það sem liðið er af þessu ári hafa fallið til við grisjun um 1.050 rúmmetrar af timbri (m^3). Grisjunarvélin grisaði rúmlega 800 rúmmetra, aðallega í Vaglaskógi. Mestmegnis var grisjuð stafafura og lerki, en einnig svolítið magn af rauðgreni og alaskaösp.



Grisjunarvélin Gremo 1050H.

Á vormánuðum grisaði verktaki með keðjusög á Vöglum á Þelamörk og skilaði sú grisjun rétt rúmlega 200 rúmmetrum af timbri, aðallega lerki en einnig nokkru af rauðgreni og sitkabastarði.

Fleiri afhentu líka grisjunarvið til Elkem. Skógræktarfélag Eyfirðinga afhenti um 250 rúmmetra og var sá viður aðallega felldur á Miðhálsstöðum með grisjunarvélinni. Skógarbændur í Glæsibæ í Eyjafirði afhenda einnig rétt innan við 100 rúmmetra, eingöngu lerki sem þeir grisjuðu sjálfir úr sínum eigin skógum.

Samtals eru þetta því um 1.400 rúmmetrar sem farið hafa héðan af Norðurlandi til Elkem á Grundartanga. Þetta samsvarar um 900 tonnum og til flutninga á þessu efni þurfti um 34 ferðir flutningabíla með flatvögnum.

Reynsla okkar af þessari grisjun er mjög góð og þeir verktakar sem notuðust við mótorsög skiluðu frábæru verki. Grisjunin eftir grisjunarvélina kom einnig mjög vel út og skemmdir vart sjáanlegar á skóginum að verki loknu. Það helsta sem mætti gera athugasemdir við er að grisjunarvélina skildi eftir fullmikið af minni greinum og greinaendum á grisjunarviðnum. Meginástæðan fyrir þessu er sennilega grisjunartíminn. Ef grisjað er að sumri þegar rakainnihald viðarins er hátt þá ná mótunarhjólin á fellihausnum ekki góðu gripi á viðarbolunum. Þetta virðist þó ekki skipta máli þegar viðurinn er kurlaður hjá Elkem.



Útkeyrsla á grisjunarvið.

Reynsla okkar er einnig sú að ekki er hægt að senda vélina til grisjunar í mjög þéttum skógi. Ekki er æskilegt að trjáfjöldi, t.d. í greniskógi, sé meiri en 2.500 tré á hektara og birki- og viðiteinungur má ekki vera áberandi mikill. Í þéttari reitum getur því verið nauðsynlegt að hreinsa burt teinung og bila fyrirhugaðan grisjunarskóg, sé ætlunin að grisja hann með grisjunarvél.

Útkeyrsla grisjunarviðarins úr skógi á afhendingarsvæði gekk mjög vel og áfallalaust fyrir sig. Starfsmenn Skógræktar ríkisins sáu um útkeyrsluna að stærstum hluta. Þó sá verktaki um útkeyrslu á hluta af viðnum í Vaglaskógi.

Ef umfang grisjana verður það sama á næstu árum verður nauðsynlegt að kaupa til landsins sérhæfða útkeyrsluvél sem afkastar meiru og kemst í gegnum erfiðara land en dráttarvélarnar og útkeyrsluvagnarnir sem við notum nú.

Í sumar, þegar ljóst var hvert umfang viðarflutninganna yrði, var samið við verktaka um lestun á grisjunarviðnum á flutningabílana. Hann útbjó litla hjólagrofu sérstaklega til verksins og tókst þannig að stytta lestunartímann um helming.



Unnið við lestun.

Flutningarnir hafa gengið vel fyrir sig og tók um það bil þrjár vikur að flytja viðinn úr grisjunum sumarsins (1.100 m³f) suður í Hvalfjörð til Elkem á Grundartanga.

Það er ljóst að þessi grisjun stendur undir kostnaði en mikilvægast er þó að ná að grisja þessi skóglendi og auka þannig verðmæti þeirra til framtíðar litið.

Það er skoðun höfundar að vel hafi tekist til með grisjun, útkeyrslu, lestun og flutninga. Fyrst og fremst má þakka það þeim góðu verktökum og frábæra starfsfólki sem að þessum verkum kom.



Er landgræðslufélag í þinni heimabyggð?



Mjór er mikils vísir

Anna Guðmundsdóttir

Við fyrstu grisjun fellur til talsvert efni í skóginum sem áhöld eru um hvort borgar sig að taka út og nýta. Margir hafa þó reynt að nýta það til ýmissa hluta. Þar má nefna í kurl, í girðingarstaura, til sölu í kísilverksmiðju Elkem á Grundartanga en svo má líka sjá að fólk hefur notað viðinn til smíða. Meðfylgjandi myndir eru dæmi um notkun á grisjunarvið til einfaldra smíða.

Fyrst eru myndir af smíði Jonas Björk á Hjálmsstöðum á snúrustaurum og einföldu hliði sem ætlað er til að gefa til kynna lokun á vegi fyrir óviðkomandi bílaumferð.



Snúrustaurar.



Hlið.



Festing á hliði. Höf. mynda Sigríður H. Pálsdóttir).

Síðan er mynd af handriði í Reykhúsum sem Guðmundur Sveinsson smíðaði úr lerki fyrir nokkrum árum og eru beygjurnar framan á því úr greinum sem bognað höfðu undan snjóþunga.



Handrið. Höf. myndar Anna Guðmundsdóttir.

Að lokum eru myndir frá Sigrúnu og Guðmundi í Saurbæ þar sem þau hafa reist þurrkhjall fyrir eldivið upp við hlöðu á grunni gamals súrheysturns. Þau hafa einnig klætt gufubað að innan með lerki úr grisjun. Eflaust eru mörg dæmi til um allt land þar sem fólk er að gera skemmtilega hluti úr grisjunarviðnum og væri gaman að fá fréttir af því og myndir.



Þurrkhjallur.



Klæðning í gufubaði.
Höf. mynda Sigrún Grímsdóttir.

Framkvæmdastjórar Landshlutaverkefna í fræðslu- og skoðunarferð um Svíþjóð í september 2014


Björn, Ólöf, Sigríður Júlía, Sæmundur og Valgerður

Þar sem grisjun er hafin eða er að hefjast í öllum landshlutum og afurðir skóganna að líta dagsins ljós þótti framkvæmdastjórum tímabært að kynna sér af eigin raun þann þátt hjá nágrönnum. Til að nálgast sem mest okkar aðstæður var farið nokkuð norðarlega í Svíþjóð, á Jämtland og Vestra Norðurland. Skógareigendur voru heimsóttir, úrvinnsla skoðuð á bæjum og í minni úrvinnslustöðvum, einnig grisjun skóga í minni skala og með minni vélum. Fræðst var um markaðssetningu og nýtingu skógarafurða. **Göran Espmark** formaður skógareignenda hjá Norrskog þekkir vel til íslenskra aðstæðna og var því fengin til að skipuleggja ferðina í samstarfi við Björn Jónsson hjá Suðurlandsskógum en auk hans voru í ferðinni Ólöf Sigurbjartsdóttir hjá Héraðs- og Austurlandsskógum, Valgerður Jónsdóttir hjá Norðurlandsskógum, Sæmundur Þorvaldsson hjá Skjólsskógum og Sigríður Brynleifsdóttir hjá Vesturlandsskógum.

Stutt ferðafrásögn

22. september

Ferðin hófst á fundi hjá Sænsku bændasamtökunum LRF (LRF=Lantbrukarnas Riksförbund) í Stokkhólmi þar sem **Marianne Erikson** tók á móti okkur með kynningu á samtökum skógareignenda auk almenns fróðleiks um sænska skóga og rekstur þeirra. Samtök skógarbænda eru fjögur talsins; Södra,



Mellanskog, Norrskog og Norra, talið frá suðri. Sameiginleg tenging skógareignendafélaganna er LRF Skogsägarna sem er hluti (e.k. búgreinafélag) innan bændasamtakana sænsku. Marianne er okkur að góðu kunn fyrir aðkomu sína að yfirfærslu verkefnisins Kraftmeiri skógur (Kraftsamling skog) til LSE á árunum 2012-2014. Skrifstofu LRF vinnur að málefnum skógareignenda allt frá hreinum lobby-isma til rannsókna og þróunarvinnu auk félagslega þáttarins.

Sænskir skógar þekja samtals 28 milljón ha en þar af eru 23 milj. ha með yfir 1m³ árlegan viðarvöxt. Um 40% skóganna telst furuskógur, 27% greniskógur, 15% blandaður barrskógur og 6% laufskógur. Líðlega helmingur allra skóga er í eigu 330.000 skógarbænda (hvar af 48% eru konur), en afgangurinn skiptist nokkuð jafnt milli ríks og sveitarfélaga annars vegar og stórra skógar- og viðariðnfyrirtækja hins vegar. Skógariðnaðurinn er að mestu í höndum samlaga skógarbænda eða stórfyrirtækja s.s. SCA, Stora, Holmen o.fl., en stærsti einstaki aðilinn er þó sænska ríkið með sinn rekstur undir nafninu Sveaskog. Skógareignendafélögin eru frjáls félagasamtök með það aðalmarkmið að rekstur skógarauðlindarinnar sé og verði hagkvæmur og sjálfbær fjölskyldurekstur. Til að ná þessum markmiðum beita samtökin sér í markaðs- og sölumálum, rekstrarráðgjöf og alhliða

skógarþjónustu. Félögin reka einnig fjöldann allan af ýmiskonar afurðasamlögum auk fyrirtækja í úrvinnslu. Félögin njóta engra ríkisstyrkja en reka sig á tekjum af eigin starfsemi og félagsgjöldum sem fara eftir landstærð.



Hans Tiben messar yfir framkvæmdastjórum í Stokkhólmi.

Eftir morgunkaffi tók fyrrum formaður skógareignendafélags Uppsala léns **Hans Tiben** við og fræddi okkur af skörungsskap um tilgang og starfsemi síns félags, Mellanskog. Hans er sjálfur skógarbóndi og á 350 ha. skóg og er einn af stofnendum skógarbændafélagsins með viðtæka reynslu af ráðgjöf við uppbyggingu félagskerfis skógarbænda. *Þetta er spurning um rekstur* - sagði Hans en lagði um leið áherslu á að sá sem annast sjálfan skógin þurfi að vera bóndi (og hugsa sem slíkur) en ekki iðnrekandi. Skógarbændafélögin tryggja stöðuga umsetningu afurða á sanngjörnu verði á sveiflukennendum



Starfsmenn og stjórnendur Norrskog funda með gestum ofan af Íslandi.

markaði, en í allri ráðgjöf til bænda um rekstur þurfa tekjur að vera sjáanlegar, *traust hagnaðarvon* er það sem dregur vagninn.

Eftir hádegi var flogið norður til Östersund og ekið tæpa 100 km. til Strömsund hvar við eyddum kvöldinu og næstu tveimur dögum undir handleiðslu fyrrum formanns Norrskog, **Göran Espmark**. Um kvöldið sátum við fund á skrifstofu Norrskog en þar hafa fjórir starfsmenn aðstöðu og einn þeirra **Johann Hanson** kynnti okkur praktískar hliðar starfseminnar; hefðbundna skógrekstrarráðgjöf m.a. með gerð 5 eða 10 ára ræktunaráætla, skógmælinga, umsjón og skipulag á afsetningu afurða. Á fundinum var einnig stjórnarmaður Norrskog **Maria Lundgren** og núverandi formaður félagsins **Marie Grill** og kynntu þær starf félagsins. Norrskog á og rekur eigið sagverk og á hluti í öðrum. Þrjú prósent tekna fer í rekstur félagsins og yfirstjórn en ráðgjafabjónustan á að standa undir sjálfri sér.

23. september

Dagurinn hófst á heimsókn til skógarbóndans **Clas Grill**. Hann og konan hans **Marie**, eiga um 600 hektara skóg sem Clas grisjar sjálfur. Grisjunarvélin sem þau hjón eiga er af gerðinni Malwa 460, þetta er svokölluð „combi-vél“ eða sambyggð skógarhögg- og útkeyrsluvél. Þetta er afar nett vél, vegur einungis um 3,6 tonn. Vélin er aðeins 1,9 metra breið og á vatnsfylltum gúmmídekkjum en ekki á beltum eins og flestar stærri vélar. Aðspurður sagði Clas að val sitt hafi ráðist af því að vélin er á hjólum en beltavélar skemma meira jarðveg og særa rætur. Þetta á sérstaklega við að sumri en Clas vill vinna í skóginum allt árið. Annað atriði var að vélin er sambyggð þannig að hann getur bæði grisjað og keyrt viðinn út á sömu vél. Vélin er ekki stórvirk og hentar ekki í stórvöxnum skógi, hún sagar að hámarki 30



Malwa.

cm. Þvermál en Clas er aðeins um hálf tíma að skipta högghausnum út fyrir greip til að stafla bolum á vagn vélarinnar sem tekur um 8 m³ (laust) í hverri ferð. Galli við þessa vél er að hún vinnur ekki í miklum hliðarhalla en getur unnið undan brekku í um 40° halla og 25° halla upp brekkur. Clas taldi að skógareigandi þyrfti að eiga um 400 ha. skóg til að það borgaði sig að reka eigin tækjakost af þessu tagi í stað þess að ráða verktaka í grisjun og útkeyrslu. Auk þess fylgdu því kostir að sjá um þetta sjálfur fyrir utan atvinnuna sem það skaffar honum. Það er ekki sjálfgefið að fá verktaka þegar það hentar eða vinnur verkið samkvæmt þínum kröfum.

Við vorum sammála um að svona nett sambyggð vél gæti hentað vel í biljöfnun (bilun) og grisjun á Íslandi, alla vega í lerkiskógana en stórgreinóttur furuskógur væri e.t.v. of mikið fyrir hana. Clas taldi að svona vél kostaði u.þ.b. 25 m. íslenskar krónur í Svíþjóð. Sjá: www.malwa.se.

Næst voru skoðuð lítil fyrirtæki (fjölskyldu eða einyrkja): BK-trä. (www.bktra.se) þar sem hjón hafa í 22 ár rekið litla sögunarverksmiðju sem síðan hefur þróast í að framleiða allskonar sérpantaða hluti úr timbri, allt frá innréttingum til fullbúinna húsa, ásamt því að afgreiða sagað timbur eftir óskum. TF-bygg (Fredrik Person Lövvirkeshus) var skoðað en þar eru framleiddar kraftsperrur eftir pöntun. Þessar heimsóknir sýndu okkur hvað einstaklingar geta



Furuskógur af bestu og verðmætustu gerð.

áorkað með dugnaði og frumkvæði og þarna fengum við enn eina sönnun þess að timbur býður upp á óteljandi möguleika í hönnun og frumlegheitum og hvernig er hægt að skapa vinnu í trjáíðnaðinum án mikils tilkostnaðar.

Á einum stað skoðuðum við lokahögg í ögn stærri skala. Þar kom í ljós að skógarbóndi fær 120 SKR fyrir rúmmetra af timbri í kurl, 170 SKR fyrir rúmmetra af furu ætlaða í pappír og allt upp í 420 SKR fyrir rúmmetra af timbri af bestu gæðum til sögunar. Verktakinn notaði Valmet 960,4 og Valmet 901,3 til verksins og taxtinn sem hann vann á var 30 SEK/m³ fyrir högg og 40 SEK/m³ fyrir útkeyrslu. Síðdegis var skoðaður vel grisjaður furuskógur í Aspås með standandi 400 m³/ha. Góð grisjun og umhirða hefur gert þennan skóg að verðmætum timburskógi sem nú býður höggs. Granni Görans rekur hjólsög þar sem hver sem er getur komið og sagað sitt timbur. Kostar það 300 SKR á tímann. Það er greinilega grundvöllur fyrir að reka viðarsög á þennan hátt og gott fyrir þá skógareigendur sem þurfa að saga lítið magn að geta komið með sitt timbur og sagað á þennan hátt.

Annar skógarbóndi gangsetti fyrir okkur NIAB traktorproessor. Það er hægmatandi afgreinar en greinilega vinnusparandi fyrir einyrkja í skógrækt. Þessi bóndi átti einnig Logosol sög af einföldustu gerð.

Í lok dags bauð Göran okkur heim til sín. Bræðurnir Göran og **Hákan Espmark** búa á jörðinni Toppen. Jörðin er 600 hektarar og hefur verið setin af sömu ætt frá árinu 1673. Göran sýndi okkur byggingar, tæki og tól, ásamt vel hirtum skógi. Eins og víðast er enginn íburður og frekar að spurningar vöknudum um hvernig hægt sé að reka jafn stóran skóg án mikils vélbúnaðar. Það skýrðist reyndar að hluta til þegar við rákumst á heimspekilegar vangaveltur Görans um skógræktina. Upp á vegg mátti lesa þrjú heilræði hans;

1. Ekki flækja hlutina
2. Haltu kostnaðinum niðri
3. Felldu að hámarki árlegan viðarvöxt skógarins

Öll upphitun húsa á jörðinni er með timburbrennslu. *Ultima* brennari er notaður og þarf ca. 25 m³ af 50 cm klofnum kubbum í ofninn árlega. Í göngu um skógin var margt skoðað og margt áhugavert sem þar var að sjá. Skógurinn er ákaflega vel hirtur, grísaður og endurnýjaður eftir heilræði Görans „felldu að hámarki árlegan viðarvöxt skógarins“.

Að loknum vel heppnuðum degi var boðið til kvöldverðar þar sem borið var fram dýrindis elgskjöt með tilheyrandi meðlæti sem að mestu var á einn eða annan hátt afurð skógarins í kring.

24. september

Fyrsti viðkomustaður þennan daginn var í **Görviks trä** í Görvik. Þar búa bræður tveir og reka ásamt fjölskyldum sínum nokkuð stórt sagverk ásamt vistvænum svínabúskap, sláturhúsi og kjötvinnslu. Þeir eiga einnig og reka smíðaverkstæði í Hammerdal en áður hafði það verið opinber timburvinnsla sem átti sín gullaldir í kring um 1980 þegar 55-60 manns unnu þar. Núna eru stöðugildin 6,5. Á verkstæðinu er unnið límtré, loftklæðningar með hljóðdempun bæði í stöðluðum einingum en einnig sérsníðnaðar. Þarna eru einnig smíðaðar tröppueiningar sem hægt er að kaupa ef endurnýja á tröppur, gera gamlan stiga eins og nýjan, listar og margt fleira.



Loftklæðning.

Kíkt var við í **Skogma** (<http://skogma.se>) stóra vefverslun í Hammerdal. Skogma selur allt milli himins og jarðar sem snertir skógrækt, mælitæki, verkfæri, fatnað auk hvers kyns útivistarbúnaðar. Heimsóttum **Lam-Tech** í Hammerdal sem er stór verksmiðja sem framleiðir „Isotimber“ en það er ein aðal framleiðsluvaran þeirra auk pellets. Isotimber eru nýjung í byggingarefnum, út- og innveggjaeiningar sem innihalda allt í senn burð og einangrun með



NIAB traktorprocessor – hægmatandi afgreinar.

góða loftun. Þegar við vorum á ferð voru lengdirnar á einingunum um 1,5 m., en ummálið 10*10cm. Hægt er að nálgast myndband á: <http://www.youtube.com/watch?v=lkTzcntCruE>. Við framleiðsluna fellur til mikið sag og er það notað til framleiðslu á viðarköggjum en fyrirtækið er með 4 ára samning um framleiðslu á viðarköggjum í kyndistöð fyrir fjarvarmaveitu sveitarfélagsins.

Næst heimsóttum við hressilegan einyrkja sem rekur **Jæra snickeri** og design, lítið smíðaverkstæði úti í sveit í Störsåsen. Karlinn sérhæfir sig í hönnun á gegnheilum útimublum og gluggum og vinnur auk þess sérpantanir, <http://www.jaeradesign.se/>

Ottsjö Snickeri í Ottsjön varð næst á vegi okkar en þar eru tvær framleiðslulínur undir sama þaki; önnur sérhæfir sig í stigasmíðum og er með þrjá starfsmenn. Þeir framleiða um 60-65 stiga á ári. Furan sem notuð er kemur frá Hammerdal en aðrar viðartegundir eru keyptar úr Smálöndunum. Markaðurinn er Östersund og nágrenni.



Útimublur.

Hin einingin sérhæfir sig í einingahúsum, þar eru fjórir starfsmenn sem teikna, smíða og reisa. Tvær vikur tekur að smíða allt sem smíða þarf í eitt 160 m² hús inni á verkstæði. Einingarnar eru með einangrun og klæðningu. Klæðningarnar eru úr límtré sem síðan eru málaðar með Falun lit. Okkur Íslendingunum þótti forvitnilegt að heyra fermetraverð á nýbyggingum í Svíþjóð sem spannar allt frá 9 þúsund SEK upp í 36 þúsund SEK.



Isotimbur.



Stigaefni.

Þennan síðasta ferðadag ókum við ansi langt og voru það þreyttir ferðalangar sem komu til Strömsund um kvöldið og enduðu góða ferð á veitingastað í miðbænum. **Göran Espmark** og öðrum þeim sem að heimsókn okkar komu kunnum við hinar bestu þakkir. Það er augljóst að sá tími er að renna upp á Íslandi að viðfangsefni skógareigenda verður úrvinnsla og markaðsmál meðfram umhirðu-þáttum og framkvæmdastjórn LHV eru sammála um nauðsyn þess að skógarbændur búi sig hratt og vel undir tæknilegar hliðar umhirðu

skóganna og ekki síður að félög skógarbænda og LSE undirbúi sig faglega til að geta stýrt skógarauðlindinni hnökralítið inn í framtíðina. Landshlutaverkefnið geta og eiga að koma að þessu starfi í auknum mæli á næstu árum og áratugum en það verða samt sem áður skógarbændur sjálfir og úrvinnsluiðnaðurinn sem mun ráða úrslitum um hvort okkur tekst að gera skógin að tekjuauðlind hér eins og hjá grónum skógarþjóðum.

Aðalfundur LSE 2014

- Hrönn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri LSE

17. aðalfundur Landssamtaka skógareigenda var haldinn í Miðgarði í Skagafirði 29. - 30. ágúst síðastliðinn. Að þessu sinni sá Félag skógarbænda á Norðurlandi um undirbúning og skipulag fundarins. Ágætis þátttaka var meðal félagsmanna þrátt fyrir að náttúruöflin hafi látið á sér kræla eins og á síðasta ári, ekki þó með hriðarbil heldur eldgosi. En allt gekk þó vel og allir komust til síns heima eftir vel heppnaðan fund.

Samkoman hófst fyrri daginn með fróðlegum erindum á lokaráðstefnu Kraftmeiri skóga sem haldin var í tengslum við aðalfundinn. Aðalfundurinn hófst svo kl 17:00 og lauk upp úr hádegi á laugardeginum.

Útdráttur úr skýrslu stjórnar

Jóhann Gísli Jóhannsson fór yfir skýrslu stjórnar og sagði meðal annars frá því að þetta fyrsta ár sitt sem formaður samtakanna hefði verið mjög lærdómsríkt og gefandi. Hann kom einnig inn á það að skógarbændur væru hér að koma saman til sautjándra landsfundar, en á þeim árum hafa samtökin verið að mótast og þroskast til þess að verða málssvari skógarbænda. Mjög mikilvægt er að vel sé haldið á hagsmunamálum skógarbænda og einnig að gott samstarf haldist við landshlutaverkefnið og alla þá aðila sem að skógrækt koma í landinu. Gleðjast má yfir því hversu vel skógræktin gengur. Umræðan um hana er að verða meiri samhliða því að almennur áhugi á skógrækt



Stjórn LSE við háborðið.

er vaxandi. Það er ánægjulegt að augu stjórnvalda virðast vera að opnast fyrir því að skógrækt geti orðið öflug atvinnugrein með tíð og tíma. Til að svo megi verða þarf LSE að fá stuðning frá stjórnvöldum. Þannig getur LSE orðið leiðandi í faglegu starfi skógarbænda og tekið virkan þátt í að móta áherslur í skógrækt, allt frá skipulagi og undirbúningi skógræktar til nýtingar skóga og úrvinnslu. Því er nauðsynlegt að hafa starfandi framkvæmdastjóra sem aðstoðar

aðildarfélögin og leiðbeinir og sér um að viðhalda tengslum. Það er ekki nokkur vafi á því að sá peningur, sem lagður er í að skapa betri yfirsýn yfir verkefni LSE mun skila sér til baka.

Verkefnin framundan

Áfram verður að tryggja fjárhag LSE þar til greinin fer að skila hagnaði auk þess sem farið verður í markvissa vinnu varðandi úrvinnslu skógarafurða í samstarfi við aðildarfélögin, landshluta-verkefnin og Skógrækt ríkisins.

Leitað var eftir samstarfi við Austurbrú sem veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Félag skógarbænda á Austurlandi er að stíga sín fyrstu skref til viðarmagnsúttektar og markaðsgreiningar í samstarfi við Austurbrú og LSE. Félagið hefur einnig hlotið styrk frá Vaxtarsamningi Austurlands. Sú vinna sem unnin var með Austurbrú nýtist einnig öðrum aðildarfélögum sem hyggjast sækja í vaxtarsamninga. Módelið sem til verður fyrir austan nýtist öðrum landshlutum.

Heimsóknir til aðildarfélaganna

Formaður stóð við kosningaloforð sitt og sótti allfesta aðalfundi aðildarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra. Tilgangurinn er að kynnast starfi félaganna og fylgjast með starfsemiinni í hverjum landshluta. Á þessum fundum var mikið rætt um grisjun og úrvinnslu



Fundargestir fylgjast með skýrslu formanns.

skógarafurða sem í náninni framtíð verður eitt af stóru verkefnum skógarbænda og LSE. Þessar heimsóknir leiða til betri tengsla við aðildarfélögin og skógarbændur á hverjum stað og verða vonandi hvatning til öflugra starfs innan aðildarfélaganna ekki síður en innan stjórnar LSE.

Tillögur lagðar fram

Ýmsar tillögur voru lagðar fyrir fundinn m.a. tillögur varðandi kolefnismál, sem eru skógarbændum sem fyrr hugleikin. Tillögur þess efnis að krefjast viðurkenningar stjórnvalda á eignarétti skógarbænda á kolefnisbindingu og að hvetja skógarbændur til að leita leiða til að finna kaupendur að kolefnisbindingu t.d í gegnum umboðsaðila um sölu heimildanna.

Lögð var fram tillaga þar sem skorað var á umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið að tryggja það að möguleikar til skógræktar á bújörðum verði tryggðir í Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Einnig skorað á ráðherra að tryggja fjármagn í skógræktarverkefnin svo framfylgja megi lögum nr. 95 frá 2006 um landshluta-verkefnin í skógrækt.

Skorað var á landshluta-verkefnin að sinna þeirri lögbodnu skildu sinni um að veita framlög til skjólbeltaræktar.

Smá breytingar urðu á lögum LSE. Allar tillögur og afgreiðslu þeirra er að finna í aðalfundargerð, en hana er að finna á www.skogarbondi.is auk skýrslu formanns og framkvæmdastjóra.

Kosningar

Gengið var til kosninga samkvæmt lögum. Fyrst var kosinn formaður leynilegri kosningu, síðan aðrir stjórnarmenn, einnig leynilegri kosningu. Bergþóra Jónsdóttir gaf ekki kost á sér í stjórn LSE en Hraundís Guðmundsdóttir kom inn í hennar stað. Að öðru leyti er stjórnin óbreytt.

Stjórn LSE þakkar Bergþóru gott starf í þágu samtakanna.

Skógarganga og árshátíð skógarbænda

Gott var að fara út og hreyfa sig aðeins eftir að fundi lauk en boðið var upp á göngutúr um skógræktina á Reykjarhóli undir leiðsögn Rúnars Ísleifssonar skógarvarðar á Norðurlandi. Þegar upp á hólinn var komið blasti við okkur gott útsýni yfir fallega sveit. Rögnvaldur Ólafsson frá Flugumýrahvammi tók við gjallarhorninu úr höndum Rúnars og sagði skemmtilegar sögur af sveitungum sínum bæði fornar og nýlegar.

Þegar niður var komið biðu dýrindis veitingar í boði Félags skógarbænda á Norðurlandi og Norðurlandsskóga þar sem fundargestir voru einnig leystir út með gjöfum, dýrindis svuntum.

Þessari viðburðarriku helgi lauk svo með árshátíð skógarbænda. Tekið var á móti fólki með fordrykk áður en gengið var til borðs þar sem veislustjórinn Bjarni Maronsson tók við samkomunni með glensi og gríni. Ræðumaður kvöldsins var Sigríður Svavarsdóttir forseti bæjarstjórnar Skagafjarðar sem flutt skógarbændum kveðju bæjarstjórnar og hvatti þá til dáða í störfum sínum. Kammerkór Skagafjarðar söng nokkur lög.

Edda Björnsdóttir fyrrverandi formaður LSE var sæmd gullmerki Landssamtaka skógarbænda. Edda hefur unnið mikið og óeigin-gjarnt starf fyrir samtökin allt frá stofnun þeirra og til ársins 2013. Skógarbændur þökkðu Eddu með því að rísa úr sætum og klappa.



Jóhann formaður LSE færir Eddu heiðursmerkið.



Hátíðarkveðja frá Skógrækt ríkisins



Velkomin í þjóðskógana um allt land
- líka á veturna!



Á vegferð manns

Haust náttúrunnar,
haust í lífi manns,
ber liti lífs sem hefur
verið lifað,
hvort það vakir eða sefur.

Og blik af blessaðri sólinni
brosir á milli laufblaðanna.

Svo vetur og værd
vor og ný dögun
ögrandi átaka
uppvaxtar

Vorið er vinur lífsins
veturinn umbun erfiðis

Safnist okkur orka
til vorsins.

*Guðlaugur Óskarsson, fyrrn. skólastjóri
á Kleppjárnsreykjum, nú búsettur í Reykholti.*

